



## Alþýðusamband Íslands

### Ályktun ársfundar Alþýðusambands Íslands 2010 um velferðarmál

#### Velferð fyrir alla

Ársfundur Alþýðusambands Íslands krefst þess að í þeim niðurskurði sem nú blasir við í fjármálum ríkis og sveitarfélaga verði staðinn vörður um velferðina. Hlífa þarf barnafjölskyldum og þeim sem standa höllum fæti eins og kostur er. Styrkja þarf öryggisnet velferðarkerfisins þannig að öllum sé tryggt fjárhagslegt og félagslegt öryggi.

#### Krafa ASÍ er að:

Stutt verði við barnafjölskyldur og tryggt að öll börn fái tækifæri og þjónustu óháð efnahag og félagslegri stöðu fjölskyldna.

- Barnabætur verði ekki skertar og dregið verði úr tekjutengingum þeirra.
- Lágmarka þarf gjaldtöku sveitarfélaganna á þjónustu við barnafólk, í leikskólum, grunnskólum og íþrótt- og tómstundastarfi barna og ungmenna.
- Tannlækningar barna og ungmenna verði hluti af almennri heilbrigðisþjónustu og kostnaðarþátttaka í samræmi við það.

Allir landsmenn hafi aðgengi að góðri heilbrigðisþjónustu óháð búsetu.

- Hámark verði sett á kostnaðarþátttöku vegna lyfja og heilbrigðisþjónustu. Afsláttarkort gildi í a.m.k. 12 mánuði en taki ekki mið af almanaksári.
- Tryggja þarf aðgang að heilbrigðisþjónustu og endurskoða þau áform sem nú eru uppi um niðurskurð í heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni.
- Við flutning á málefnum fatlaðra til sveitarfélaganna þarf að vera tryggt að fjármagn fylgi verkefninu svo að öll sveitarfélögin hafi burði til að veita fötluðum nauðsynlega og lögbundna þjónustu.

Allir búi við mannsæmandi líf skjör og hafi tækifæri til samfélagsþátttöku.

- Samræma þarf framfærslugrunna í bóta- og styrkjakerfum ríkis- og sveitarfélaga og tryggja að þau byggi á raunhæfum framfærslu-kostnaði.
- Bætur almannatrygginga og atvinnuleysistrygginga hækki í samræmi við launaþróun.
- Dregið verði úr tekjutengingum elli- og örorkubóta og samspil almannatrygginga- og lífeyrissjóðsgreiðslna bætt þannig að komið verði í veg fyrir víxlverkanir milli kerfa.